

Rammasamningur um aukið íbúðaframboð 2023-2032

Frá : Húsnæðisáætlanir <aaetlun@hms.is>
Heiti : Rammasamningur um aukið íbúðaframboð 2023-2032
Málsnúmer : 202207148
Málsaðili : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Skráð dags : 12.07.2022 18:58:21
Höfundur : Húsnæðisáætlanir <aaetlun@hms.is>

Viðhengi [Rammasamningur IRN Samband HMS - undirritað.pdf](#)[Rammasamningur IRN Samband HMS - undirritað.pdf](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Kæra sveitarstjórnarfólk.

Nú hefur verið undirritaður rammasamningur milli ríkis og sveitarfélaga sem ætlað er að tryggja stöðuga uppbyggingu íbúða á næstu 10 árum í samræmi við þörf. Í rammasamningnum kemur fram áætlun á landsvísu um byggingu 4.000 íbúða árlega á næstu fimm árum og 3.500 íbúða árlega næstu fimm ár eftir það til að mæta áætlaðri þörf fyrir íbúðarhúsnæði.

Við vildum með þessum pósti upplýsa ykkur aðeins um efni samningsins og næstu skref. Nú þegar samningurinn liggur fyrir er ætlunin að bjóða öllum sveitarfélögum til viðræðna um samning um húsnæðisuppbyggingu innan marka hvers sveitarfélags en einnig kemur til greina að sveitarfélög sem t.d. mynda sameiginlegt atvinnusvæði, sameinist í samning. Fyrsta skref í þeim viðræðum er að HMS og viðkomandi sveitarfélag framkvæma stöðumat þar sem farið er yfir stöðu á uppbyggingu íbúða, þarfagreiningu, stöðu lóða og annarra þátta sem máli skipta. Á grundvelli slíks stöðumats, uppfærðrar húsnæðisáætlunar og þeirra markmiða sem fram koma í rammasamningnum semja svo einstök sveitarfélög við ríkið um uppbyggingu í takt við þörf. Hér fyrir neðan er ferlið sett fram með myndrænum hætti og þar koma einnig fram þær tímasetningar sem stefnt er að skv. rammasamningnum.

12. júlí 2022

Ágúst

Rammisamningur



Stö



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

HÁIS Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun

Aðeins um samningsmarkmiðin.

• 35.000 íbúðir að lágmarki verði byggðar á árunum 2023-2032